

**Ed.**

**263. Frumvarp til laga**

[145. mál]

um breyting á lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. des.)

**1. gr.**

1.—2. ml. a-liðar 29. gr. laganna orðist svo:

Með fimm jöfnum greiðslum, sem falla í gjalddaga 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, má innheimta til greiðslu upp í útsvar yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, sem nemi allt að 6% þess útsvars, sem honum bar að greiða næstliðið ár, eða sama hlutfall og á ári hverju er heimilað að innheimta fyrir fram upp í þinggjöld til ríkissjóðs skv. 4. mgr. 46. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 4. mgr. 8. gr laga nr. 60/1973, um breyting á þeim lögum. Sveitarstjórn setur fyrir 20. janúar ár hvert nánari reglur um þessar greiðslur og auglýsir þær á þann hátt, sem venjulegt er um almennar auglýsingar á hverjum stað.

**2. gr.**

38. gr. laganna orðist svo:

Aðstöðugjald má eigi hærra vera en hér greinir:

- a. Allt að 0.33% af rekstri fiskiskipa og flugvéla.
- b. Allt að 0.65% af rekstri verslunarskipa og af fiskiðnaði.
- c. Allt að 1% af hvers konar iðnaðarrekstri öðrum.
- d. Allt að 1.3% af öðrum atvinnurekstri.

**3. gr.**

3. tl. bráðabirgðaákvæðis laganna orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða breytingu á hinu nýja fasteignamati til samræmis við verðlag 1. nóvember 1973.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.